

Ed.

181. Frumvarp

til laga um gjaldprotaskifti.

Flutningsmenn: Ingvar Pálmason, Jón Baldvinsson.

1. gr.

Bú einstaklings, firma eða fjelags er skylt að taka til gjaldprotaskifta:

1. Ef þess er krafist af þeim, er telnr sig ekki geta að fullu staðið í skilum við lánardrottna sína og á ekki nægilegt fje til greiðslu skulda sinna.
2. Ef lánardrottinn gerir kröfu um, að bú manns, er strokið hefir af landi brott, eða felur sig, að því er ætla má, sökum skulda, enda sje hætta á því, að dráttur á gjaldþrotaskiftum baki lánardrottnum tjón.
3. Eftir kröfu lánardrottins, ef hann sannar með árangurslausri aðför eða löghaldsgerð, eða með játningu skuldunauts, að bú hans hrökkvi eigi fyrir skuldum.

Hver sá atvinnurekandi eða kaupmaður — þar með talin fjelög, firmu eða einstakir menn, er reka verslun, útgerð, siglingar, verksmiðjuíðnað eða einhvern slíkan atvinnurekstur — sem stöðvað hefir greiðslu á skuldum sínum, enda sjái hann fram á það, að hann geti ekki greitt þær að fullu, og fjárhagur hans versnað síðasta reikningsár, er skyldur til þess að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskifta.

Ef bú fjelags eða firma er tekið til gjaldþrotaskifta, þá skal og bú þeirra manna, er bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum fjelagsins eða firmans, einnig tekið til gjaldþrotaskifta.

2. gr.

Sá, er krefst þess, að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskifta, skal senda skiftaráðanda um það skriflega beiðni og telja þar fram ástæður sínar fyrir beiðninni, láta fylgja lista yfir eignir og skuldir og skrá yfir verslunarbækur þær, er hann hefir haldið.

Komi krafan um gjaldþrotaskiftin frá lánardrottni, skal henni fylgja rökstuðningur og skilríki, svo sem útskrift af árangurslausri aðför eða löghaldsgerð.

3. gr.

Þegar skiftaráðandi hefir tekið við kröfu um gjaldþrotaskifti, hvort heldur er frá skuldunaut eða lánardrottni, skal hann tafarlaust rannsaka, hvort krafan sje á rökum reist, og getur hann í því skyni kallað á fund sinn lánardrottna eða skuldunaut eða hvoratveggja, og krafist skilríkja og ástæðna af þeim. Neiti skuldunautur að svara spurningum skiftaráðanda og gefa upplýsingar, eða ef hann sækir ekki boðaðan skiftafund án þess að lögleg forföll hamli, er rjett að lita svo á, að skuldunautur samþykki skýrslur lánardrottna.

Þegar skiftaráðandi hefir fengið þær skýrslur og upplýsingar, er hann telur þörf á, skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð um það, hvort krafan um gjaldþrotaskifti skuli tekin til greina eða eigi.

4. gr.

Áfrýjun úrskurðar um það, að bú skuli tekið til gjaldþrotaskifta, frestar ekki skiftum. Þó skal, er svo stendur á, eigi ráðstafa eða selja muni búsin, nema með samþykki gjaldþrota, fyr en fullnaðardómur er genginn.

5. gr.

Gjaldþrotaskifti teljast byrjuð, þegar skiftaráðandi hefir fengið í sínar hendur beiðni skuldunauts, eða kveðið upp úrskurð um skifti, að beiðni lánardrottins.

Þegar gjaldþrotaskifti eru byrjuð, getur lánardrottinn, sem gert hefir kröfu um skiftin, eigi afturkallað þau. Hinsvegar getur skuldunautur, hafi hann einn gert kröfu um skiftin, afturkallað beiðni sína, ef hann gerir það sennilegt, áður en innköllun er útgefin, að hann geti staðið í skilum við lánardrottna sína, enda komi ekki fram mótmæli frá þeim, er gefið hafa sig fram með kröfur á búið. Skiftaráðandi fellir úrskurð um það, hvort afturköllun á beiðni skuldunauts skuli til greina tekin.

6. gr.

Skiftaráðandi skal tafarlaust auglýsa gjaldþrotaskiftin í Lögbirtinga-bláinu og gefa út áskorun (proclama) til lánardrottna, með þeim kröfulýsingarfresti, sem til er tekinn í 2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924.

Skytt er skiftaráðanda að auglýsa með sama hætti, ef gjaldþrotaskifti falla niður, og einnig þegar þeim lýkur, sbr. 37. gr.

7. gr.

Þegar skiftaráðandi hefir úrskurðað gjaldþrotaskifti, skal gjaldþroti tafarlaust leiddur fyrir lögreglurjett og þar skýra frá ástæðunum til gjaldþrotanna, eyðslu sinni og lífnaði á síðastliðnum missirum, og einnig gera grein fyrir tekjum sínum og gjöldum á sama tíma. Hafi gjaldþroti verið bókhaldsskyldur, skal hann og gera grein fyrir bókhaldi sínu og efnahagsreikningi, og virðist dómara vera ástæða til, skal hann láta sjerfróða menn endurskoða bókhald ásamt eigna- og skuldaframtali gjaldþrota, svo fljótt sem verða má, á kostnað búsin.

Sje um fjelag eða firma að ræða, er gjaldþrota hefir orðið, skal framkvæmdastjóri þess, forráðamenn eða stjórnendur, svo og endurskoðendur reikninga þess, mæta fyrir lögreglurjetti og gera grein fyrir ástæðunum til gjaldþrotanna.

8. gr.

Dómara ber að rannsaka fyrir lögreglurjettinum, að hætti almennra lögreglumála, hvort gjaldþroti hafi með framferði sínu gert sig sekan um brot

á lögum þessum, eða öðrum lagaákvæðum, sem sett eru til verndar almennu lánstrausti.

Virðist dómara það koma í ljós við rannsóknina, að eigi sje ástæða til þess að ætla, að gjaldproti eða aðrir hafi með sviksamlegum hætti átt sök á gjaldprotinu, og eigi að neinu leyti brotið sett lög og reglur í sambandi við gjaldprotin, skal dómara þó altaf skylt að senda dómsmálaráðuneytinu útskrift af prófum málsins, og ákveður það, hvort frekari rannsókn skuli fram fara og hvort höfða skuli mál gegn einhverjum út af gjaldprotunum.

Ef dómara hinsvegar finst það bert af lögreglurjettarrannsókninni, að gjaldproti eða einhver annar hafi gerst sekur um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldprotin, með því t. d. að skjóta undan einhverju af eignum búsins, eða með ráðstöfunum til þess að firra búið einhverjum munum þess eða rjettindum, eða á einhvern annan hátt brotið gildandi lagaákvæði til verndar almennu lánstrausti, svo sem með því að halda ekki lögboðnar verslunarbækur, eða hafa bókhald þeirra í ólagi, gera vísitandi rangt upp efna-hag sinn, taka vörur að láni, án þess að ætla sjer að greiða þær, sóa fje sínu með eyðslusömum lifnaði, eða á annan hátt brotið gildandi refsíákvæði, þá skal dómari, án þess hann þurfi að leita til dómsmálaráðuneytisins, að undan-genginni frekari rannsókn, ef ástæða þykir til, höfða mál til refsingar gegn gjaldþrota, stjórn eða framkvæmdastjóra gjaldþrota fjelags eða firma, eða öðrum þeim, er ætla má að eigi sök á afbrotunum.

Reynist gjaldproti eða stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis sannir að sök-um um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldprotið, skal dæma þá til þess að hafa fyrirgert rjetti til þess að reka eða stjórna verslun eða atvinnufyrirtæki um tiltekið árabíl, þó ekki skemur en 5 ár, og æflangt, ef miklar sakir eru.

9. gr.

Dómari getur úrskurðað, að gjaldproti eða forráðamenn gjaldþrota fyrirtækis sjeu settir í einfalt fangelsi, ef þeir gera ekki grein fyrir eignum og skuldum búsins, án þess að hafa gildar ástæður fyrir sig að bera, eða ef þeir þrjóskastr við að láta í tje upplýsingar við uppskrift á eignum búsins, eða gefa skýrslur um ástæður og hag búsins, svo og ef þeir reyna að fara úr lög-sagnarumdæminu án leyfis dómara. Lengd fangelsistímans skal hverju sinni ákveðin af dómara, eftir því, sem honum virðast ástæður til, þó eigi lengur en 6 mánuði.

10. gr.

Heimilt er skiftaráðanda, með samþykki skiftafundar, að veita gjald-þrota ókeypis afnot húsgagna, húsnæðis, jarðnæðis, búsmuna og búsmala, ef ætla má, að gjaldþrota eða fjölskyldu hans sje örðugt án þess að vera í bili. Einnig má veita gjaldþrota styrk af fje búsins, sjer og sínum til framfæris, ef ætla má, að yfir honum vofi neyð. Styrk og afnot búsmuna má ekki leng-ur veita en eitt ár, nema allir lánardrottnar verði á það sáttir, en þó aldrei eftir að skiftum búsins er lokið.

11. gr.

Þegar gjaldprot byrja, skal gjaldþroti tafarlaust sviftur umráðum yfir öllu því, er talið verður til eigna hans, svo og því, sem hann eignast meðan á skiftum stendur, og skal eignum hans varið til þess að fullnægja öllum þeim löglegum kröfum, er voru á hendur gjaldþrota, er skifti byrjuðu, svo og til greiðslu kostnaðar þess, er af skiftunum leiðir. Undanþegin eru þó gjaldþroti þau verðmæti eða munir, er ekki má gera fjárnám í samkvæmt fyrirmælum einstakra manna, lagaákvæða eða annara sjerstakra heimilda og undantekninga laga þessara.

12. gr.

Eftir að gjaldprotaskifti byrja, getur enginn öðlast rjett á hendur búinu með samningum við gjaldþrota, nje losast undan skyldum, er á honum hvila gagnvart því. Undantekning er þó, ef samið er við gjaldþrota áður en skifti eru auglýst, enda hafi þá viðsejnjanda verið ókunnugt um, að skiftin voru byrjuð.

13. gr.

Tæmist gjaldþrota arfur, meðan á skiftum stendur, rennur arfurinn til protabúsins. Sama er um dánargjafir og aðrar gjafir, er gjaldþrota hlotnast á því tímabili. Ákvæði þessi koma þó því aðeins til framkvæmda, að lögmætar ákvarðanir arfláta eða gefanda sjeu því ekki til fyrirstöðu.

14. gr.

Ef gjaldprotabúi berast peningar, vörur, farmskrár, vixlar eða annað þess háttar, sem sent hefir verið gjaldþrota til þess að hann greiddi andvirði fyrir, þá getur búið orðið eigandi að slíkum munum, þótt þeir hefðu ekki verið orðnir eign gjaldþrota áður, ef búið greiðir andvirðið á rjettum gjalddaga.

15. gr.

Það, sem gjaldþroti vinnur sjer inn, meðan á skiftum búsins stendur, rennur ekki til búsins.

16. gr.

Allar lögmætar kröfur, er lánardrotuar hafa á hendur gjaldþrota, sem fullnægja á með eignum búsins, verður að meta til peningaverðs, og sje miðað við, hvað miklu það varði lánardrotna að fá kröfurnar greiddar.

Allar kröfur á hendur gjaldþrota, sem búinu ber að greiða, eru í gjalddaga fallnar, þegar skifti byrja, og getur búið greitt þær þegar í stað, án tillits til gjalddaga þess, sem gjaldþroti kann að hafa samið um.

17. gr.

Hver sá, er skuldar protabúi, getur dregið frá það, er hann á hjá því,

hvernig sem skuld og gagnkröfu er varið, en þó því aðeins, að lánardrottinn sjálfur, eða sá, er hann hefir erfð skuldakröfuna eftir, hafi fengið hana áður en skiftin byrjuðu, enda hafi lánardrottni þá eigi verið kunnugt um, að gjaldproti átti ekki fyrir skuldum, nje lánardrottinn fengið framsal kröfunnar með það fyrir augum að skuldajafna við kröfu væntanlegs þrotabús við kröfu þess á hendur sjer. Skiftaráðandi skal gera gangskör að því að upplýsa og staðreyna, hvernig krafa sú er tilkomin, er lánardrottinn vill skuldajafna við kröfu búsins á hendur sjer, og gæta þess sem auðið er, að til skuldajafnaðar geti ekki komið, ef lánardrottinn hefir fengið gagnkröfu sína með þeim hætti, er að framan greinir, og getur skiftaráðandi látið kröfuhafa staðfesta framburð sinn með eiði, ef honum virðist ástæða til.

Eigi má framselja skuldabryf búsins, áður en liðinn sje innköllunarrestur, nje heldur síðar, ef mótkröfu er lýst á þann hátt, að fyrirgert sje með því gagnkröfurjetti.

18. gr.

Hafi gjaldproti tekið fasteign á leigu, kemur búíð í hans stað, frá því að gjaldprotaskifti hefjast, nema öðruvisi hafi verið um samið. En búíð og leigusali geta sagt upp leigumálanum með venjulegum uppsagnarfresti, miðað við fardaga eða flutningsdag, þó samið hafi verið um lengri leigutíma eða lengri uppsagnarfrestur tilskilinn. En bæta verður þá sá, er leigumálanum segir upp, halla þann, sem gagnaðili kann að biða af því, að leigumálanum var ekki haldið áfram.

19. gr.

Hafi gjaldproti á síðustu 6 mánuðum, áður en hann varð gjaldproti, greitt skuld, hvort sem hún var fallin í gjalddaga eða eigi, með því að láta af hendi við lánardrottinn fasteign, skip eða aðra þá muni, er telja verður óvanalegan gjaldeyri, eftir öllum ástæðum, eða hann hefir greitt skuld, er eigi var fallin í gjalddaga, þó með vanalegum gjaldeyri sje greitt, þá getur búíð riftað greiðslunni og krafist þess, að lánardrottinn skili aftur því, sem hann hefir fengið, eða andvirði þess.

20. gr.

Veðskuldbindingar þær, er gjaldproti hefir gengist undir á tímabili því, er ræðir um í 19. gr., til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru stofnaðar á sama tíma, eru ógildar að því er búíð snertir.

21. gr.

Ákvæði 19. og 20. gr. eiga þó ekki við, ef gjaldproti sannar, að hann hafi átt fyrir skuldum, þegar greiðslan eða veðsetningin fór fram. Það sama gildir og, ef sá, er gjaldproti hefir skift við, færir fram sönnur fyrir því, að hann hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að gjaldproti ætti fyrir skuldum, þegar svo stendur á, er í áðurnefndum greinum segir.

22. gr.

Hafi farið fram fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymslu, eftir sætt um greiðslu skuldar, er gjaldþroti hefir gengið að, á tímabili því, sem um er að ræða í 19. gr., eða eftir dómi í máli, er höfðað hefir verið á sama tímabili, þá falla í burtu sjerrjettindi þau í búinu, er af fjárnáminu eða löggeymslunni leiða, nema því aðeins, að sannað verði, að gjaldþroti hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gerð eða mál höfðað, eða ef lánardrottinn sannar, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að gjaldþroti ætti þá fyrir skuldum.

23. gr.

Hafi gjaldþroti á undan gjaldþroti sínu og þegar hann hlaut að sjá, að það mundi bráðlega að höndum bera, ívilnað sumum lánardrotnum sínum, hinum til tjóns, þannig að saknæmt sje, þá getur búið krafist þess, að greiðslunni eða ráðstöfuninni sje rift, og að lánardrottinn skili aftur því, er hann hefir þannig fengið, eða andvirði þess, sjeu líkur til þess, að lánardrottni hafi verið kunnugt um ástæður gjaldþrota, þegar greiðslan eða ráðstöfunin fór fram.

24. gr.

Þegar einhverjum ber að skila búinu því, er hann hefir tekið við, eða verði þess, eftir ákvæðum næstu greinar hjer á undan, á hann rjett á því, að honum sje greitt aftur það, er hann hefir látið af hendi við gjaldþrota, umfram það, er hann ljekk greiðslu fyrir. Og þegar greiðslu er skilað aftur, er afstaða hans til búins að þessu leyti sú sama og ef engin greiðsla hefði fram farið.

Sje eindagaður víxill greiddur með vanalegum gjaldeyri, er ekki unt að krefjast þess, að sá skili aftur greiðslunni, sem hefði haft rjett til þess að krefjast greiðslu á víxlinum hjá öðrum, ef bú skuldunauts yrði tekið til gjaldþrotaskifta, en hafi mist þennan rjett við greiðsluna. Hinsvegar má krefjast upphæðar þeirrar, er víxillinn var greiddur með, at þeim, sem að lokum hefði haft hæg af greiðslunni, ef hann hefði ekki áður verið greiddur, enda hafi honum, þegar hann gaf út eða framseldi víxilinn, verið kunnugt um, að svo var ástatt fyrir skuldunaut eins og segir í 25. gr.

25. gr.

Hver sá, er á hinu síðasta ári áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu, ef gjaldþroti átti þá ekki fyrir skuldum, hefir þegið af honum gjöf, er skyldur að skila gjöfinni aftur eða andvirði hennar, ef ástæða er til þess að ætla, að gjafþega hafi þá verið kunnugt um, að gjaldþroti átti þá ekki nægilegt fje fyrir skuldum. Ef það hefir bakað gjafþega fjárútlát að taka á móti gjöfinni, ber búinu að greiða það að fullu. Hið sama gildir, þótt ráðstöfun gjaldþrota líti út sem sala, makaskifti, leigumáli eða annar slikur viðskiftagerningur, ef ætla má af öllum atvikum, að ráðstöfunin hafi í raun og veru verið gjöf.

26. gr.

Hafi gjaldþroti á síðustu tveim árunum, áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu, varið meiru fje en svo, að samsvari efnahag hans, til þess að kaupa lífeyri eða lífsábyrgð, eða þesskonar tekjur handa sjer, konu sinni eða lögerfingjum, eða til þess að gefa öðrum, þá getur búið hagnýtt sjer þann rjett, er gjaldþroti hefir sjálfur, til þess að slita samningnum og krefjast endurgreiðslu, ef búinu bætast tekjur við það.

27. gr.

Allar afhendingar, hvort sem eru gjafir, kaup eða önnur afsöl á milli hjóna, þar með talinn kaupmáli, svo og aðrir slikir löggerningar á milli foreldra og barna, tengdforeldra og tengdabarna, arfláta og erfingja, skulu ógildir vera, ef þær hafa farið fram eftir að gjaldþroti átti ekki nægilegt fje fyrir skuldum, geri einhver lánardrottinn í búi gjaldþrota kröfu um ógildingu. Sönnunarbyrði þess, að gjaldþroti hafi átt nægilegt fje fyrir skuldum, þegar löggerningar þessir fóru fram, hvílir á gjaldþrota.

Hafi gjaldþroti gert kaupmála tveim árum eða skemmri tíma fyrir gjaldþrot sín, er hann ógildur, þótt gjaldþroti hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum.

Hafi gjaldþroti afsalað sjer arfi, er hann átti í vændum, á árinu næsta áður en hann varð gjaldþrota, er það afsal ógilt gagnvart þrotabúinu, nema gjaldþroti sanni, að hann hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum.

28. gr.

Hafi sá, er haft hefir viðskifti þau við gjaldþrota, er ræðir um í 19.—27. gr., afhent öðrum hluti þá eða rjettindi, er hann hefir fengið, hefir búið þá einnig gagnvart þeim rjett á að krefjast munanna eða rjettindanna, eða andvirði þeirra, ef ætla má, að þeim hafi verið kunnugt um, að tilgangurinn með framsalinu væri sá, að hindra búið í því að njóta rjettar síns.

29. gr.

Hafi gjaldþroti á mánuðinum næsta áður en bú hans var tekið til gjaldþrotaskifta keypt vörur eða muni, sem hann hefir ekki greitt, og vörurnar eða munirnir eru óskertir í vörslum hans, þegar gjaldþrotin byrja, getur sá, er selt hefir vörurnar eða munina, krafist þeirra úr búinu aftur, nema líklegt þyki, að honum hafi verið kunnugt, þegar hann gerði kaupin við gjaldþrota, að hann ætti ekki lengur fyrir skuldum og að gjaldþrot væru yfirvofandi.

Geri lánardrottinn slíka kröfu á hendur búinu, skal skiftaráðandi láta hann leggja fram sannanir fyrir kröfu sinni, og kveða síðan upp rökstuddan úrskurd um það, hvort krafan verði tekin til greina eða ekki. Þeim úrskurði má áfrýja með venjulegum hætti.

30. gr.

Mál þau, sem höfðuð eru til þess að rifta ráðstöfunum samkvæmt 19.—28. gr., skal sá fara með fyrir hönd lánardrottna, sem til þess verður kjörinn á skiftafundi. Með mál þessi skal fara sem gestarjettarmál, og er varnarþing málsins heimili gjaldþrota. Mál skal höfða tafarlaust þegar skiftafundur hefir tekið ákvörðun um það, og reka með hæfilegum hraða, svo það tefji ekki fyrir skiftum búans.

31. gr.

Hver lánardrottinn getur heimtað gjaldþrotaskifti eftir ákvæðum laga þessara í dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, sbr. 81. gr. skiftalaganna frá 12. apríl 1878. Þegar skiftaráðandi skiftir búi milli hjóna, sem bæði eru á lífi, eða búi milli þess hjóna, er eftir lífir og ábyrgist skuldir búans, og erfingja hins látna, getur einnig hver lánardrottinn krafist gjaldþrotaskifta á búinu, ef svo er ástátt fyrir því hjóna, er í blut á, að krefja megi gjaldþrotaskifta á búi þess eftir lögum þessum. Í búum þeim, er ræðir um í þessari grein, skal reikna fresti þá, er getur um í 19., 20., 22., 25. og 26. gr., frá þeim tíma, að búið var tekið til skiftamedferðar.

32. gr.

Skiftaráðanda skal skylt að ávaxta í banka eða sparisjóði fje gjaldþrotabúa og annara þeirra búa, sem undir opinberum skiftum eru, þannig að lánardrotnar eða erfingjar njóti vaxta af innieign búanna. Skal skiftaráðandi að jafnaði hafa sjerstaka sparisjóðsbók fyrir hvert bú, er hann hefir undir skiftum, og leggja þar inn jafnóðum það fje, er búunum herast.

33. gr.

Komi það í ljós meðan á gjaldþrotaskiftum stendur, að búið hrökkvi eigi fyrir kostnaði við skiftin, skal þegar lúka skiftum, enda ber sá, er gjaldþrotanna hefir krafist, ábyrgð á greiðslu þess kostnaðar, er ekki fæst greiddur af eigum búans. Þó getur lánardrottinn sá, er krafist hefir gjaldþrotaskifta og er í vafa um ástand búans, komist hjá frekari ábyrgð, ef hann lýsir yfir því og lætur bóka í skiftabók, að hann áliti, að búið hrökkvi ekki fyrir kostnaði við frambald skiftanna, og að þann kostnað vilji hann ekki greiða, er framhald skiftanna hefir í för með sjer, þá getur hann krafist þess, að skiftunum skuli þegar lokið.

34. gr.

Að liðnum innköllunarfresti til lánardrottna, má hvenær sem vill afhenda gjaldþrota bú hans í hendur til frjálsra umráða, ef hann sýnir skiftaráðanda skriflegt samþykki til þess frá öllum þeim lánardrotnum, sem hafa gefið sig fram með kröfur á búið. Sönnun fyrir því, að skuld sje greidd að fullu, sem lýst hefir verið í þrotabúið, er jafngild samþykki hlutaðeigandi lánardrottins.

35. gr.

Pegar öðruvisi er ástatt, lýkur gjaldþrotaskiftum með úthlutun skiftaráðanda til lánardrotna.

36. gr.

Skyllt er skiftaráðanda að lúka skiftum á gjaldþrotabúum og öðrum búum, sem undir opinberum skiftum eru, svo fljótt, sem verða má, en þó aldrei síðar en 18 mánuðum eftir síðustu birtingu innköllunar, nema allir lánardrotnar í gjaldþrotabúum og erfingjar í dánarbúum samþykki, að skifti dragist lengur.

37. gr.

Pegar úthlutunargerð gjaldþrotabús hefir verið samþykkt á skiftafundi og skiftum búsins að öðru leyti lokið, skal skiftaráðandi auglýsa í Lögbertingablaðinu, að skiftum búsins sje lokið, hvenær þau hafi byrjað, hve háa hundradstölu af kröfum sinum lánardrotnar hafi fengið úr búinu, og hversu háar upphæðir það eru, er lánardrotnar hafa ekki fengið greiddar.

Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð til leiðbeiningar skiftaráðendum, um efni og form þessara auglýsinga.

38. gr.

Gjaldþroti ber ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, er ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiftin, 10 ár eftir að skiftum lýkur.

39. gr.

Brot gegn ákvæðum 5. málsgreinar 1. gr. varða sektum eða fangelsi.

Ef skiftaráðandi brýtur í bága við ákvæði 32. og 36. gr. laga þessara, varðar það hann sektum, eða embættismissi, ef miklar sakir eru.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928, og skal beita þeim við þau gjaldþrotaskifti og önnur skifti, að svo miklu leyti, sem lögin snerta þau, við þau bú, sem tekin eru til opinberra skifta eftir að lög þessi öðlast gildi. Þau bú, sem tekin eru til skifta fyrir gildistöku laga þessara, hlíta ákvæðum eldri laga. Þó skal beita ákvæðum 36. og 37. gr. laga þessara við þau bú, sem eru undir skiftum, þegar lög þessi öðlast gildi. Skyllt skal og að lúka skiftum á öllum þeim búum, sem undir opinberum skiftum standa, þegar lög þessi öðlast gildi, eigi síðar en 18 mánuðum eftir gildistöku laga þessara, með undantekningu þeirri, er getur um í niðurlagi 36. gr.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 7, frá 13. apríl 1894, um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskifti, 8. gr. laga 4. nóv. 1887, um veð, og öll önnur lagaákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra og flutt eftir beiðni hans. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Nú síðustu árin hefir það verið á almannavitund, að skifti gjaldprotabúa og meðferð þeirra væri á aðra lund en æskilegt væri, gildandi reglur um gjaldprotameðferð úreltar og framkvæmd þeirra víða ábótavant. Einkum hefir leikið orð á því, að ekki kæmu öll kurl til grafar, þegar um gjaldprot fjesýslumanna væri að ræða, og það þótt sýnilegt, að margir þeir menn, er gjaldprotá hafa orðið, hafi byrjað á nýjan leik á atvinnurekstri sínum, stundum, að því er virtist, með fullar hendur fjár, en lánardrottnarnir staðið eftir með sárt ennið og mikið fjetjón. Það hefir og leikið grunur á því, að oft væri margt gruggugt í sambandi við gjaldprotin, og fróðir menn þótt sjá merki þess, að fá þeirra gjaldprotá, er orðið hafa í Reykjavík síðustu árin, væru heiðarleg eða lögum samkvæm. Mörgum virðist það og fara ískyggilega í vöxt, að menn hirði ekki um það að standa í skilum við lánardrottna sína, og sumum virst, að lögin og framkvæmd þeirra bæru meira hag skuldunautanna en lánardrottnanna fyrir brjósti. Þá hefir það og þótt við brenna, að gjaldprotabú væru óhæfilega lengi undir skiftum og öll meðferð skiftanna seinlát og óröggsamleg.

Það mun því ekki þykja að ástæðulausu, að komið er hjer fram með ýmsar breytingar á gjaldprotalöggjöfnni, með það fyrir augum að reyna að bæta úr þeim misfellum, er verið hafa undanfarið á þessari löggjöf og framkvæmd hennar. Raunar væri full þörf að breyta ýmsu í skiftalögunum frá 1887, en það hefir þó þótt rjettara að byrja á gjaldprotalöggjöfnni sjerstaklega, því að þar væri þörfin á breytingum einna brýnust. Hinsvegar hafa á stöku stað í frumvarpi þessu verið sett ný ákvæði, er ná til allrar opinberrar skiftameðferðar, eins og t. d. í 32. og 36. gr.

Í nágrannalöndunum Noregi og Danmörku, þar sem svipuð ákvæði gilda um gjaldprotaskifti eins og hjer, hafa heyrst háværar raddir um það síðustu árin, bæði meðal almennings og fræðimanna, að gerbreyta þyrfti mörgum gjaldprotáákvæðunum og framkvæmd þeirra, og hefir sumstaðar í frv. þessu verið farið eftir þeim tillögum, er komið hafa fram í þeim löndum frá fræðimönnum, til breytinga á gjaldprotalöggjöfnni.

Lög þau, er nú gilda að mestu um gjaldprotaskifti hjer á landi, eru lög nr. 7 frá 13. apríl 1894, og er til þess ætlast, að frumvarp þetta komi í þeirra stað.

Í frumvarpi þessu koma fram ýms nýmæli og allmiklar breytingar á gildandi lögum, og verður þeirra getið sjerstaklega í athugasemdunum um einstakar greinar, er fylgja hjer á eftir.

Um 1. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða að efni til 1., 2. og 3. gr. gjaldprotalaganna, nr. 7 frá 13. apríl 1894, sem hjer eftir í athugasemdum þessum verða kölluð gjþrl. Orðabreytingar hafa þó verið gerðar nokkrar og efnisniðurröðun einnig á annan veg, eftir því sem betur hefir þótt fara.

Aftur á móti er hvorki tekið upp í þessa grein nje aðrar greinar frv. ákvæði 4. gr. gjþrl. um greiðslu á svarkröfu. Þykir ástæðulaust að halda því ákvæði, er bæði mun mjög lítið notað í reyndinni og einnig þess eðlis, að ósennilegt er, að sú aðferð verði höfð, einkum eftir að víxlar komu mikið í notkun, en eftir þeim er hægt að framkvæma lögaldsgerð án tryggingar, auk þess sem mjög er fljótlegt að fá dóm fyrir víxilkrofum. Þykir því nægilegt, að hægt sje að staðreyna getuleysi skuldunauts með árangurslausri aðför eða lögaldsgerð, eða játningu skuldunauts sjálfs.

Það nýmæli er tekið upp í grein þessa, að atvinnurekendur og kaup-sýslumenn, sem stöðvað hafa greiðslur á skuldum sínum og sjá fram á það, að þeir geti ekki greitt þær að fullu og fjárhagur þeirra farið versnandi síðasta reikningsár, skuli skyldir að gefa bú sín upp til gjaldþrotaskifta. Regla þessi er tekin upp í gjaldþrotalöggjöf sumra erlendra þjóða og þykir hafa gefist vel. Það sýnist og eðlilegt, að þeir, sem reka einhverja slíka atvinnu og oftast hafa mikið fje að láni og viðskifti við marga, láti ekki undir höfuð leggjast að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskifta, og haldi ekki áfram viðskiftunum þannig, að fleiri bíði tjón af þeim. Reyndin hefir og oft orðið sú hjer á landi, að margir hafa lengi haldið áfram atvinnurekstri sínum eftir að sýnilegt var, að til gjaldþrota myndi draga, og með því bakað sumum lánardrotnum sínum mikið tjón, því niðurstaðan hefir þá venjulega orðið sú, að þrotabú þeirra manna hafa aðeins hrokk-ið fyrir skiftakostnaði, eða þá í besta falli gefið örlitla hundradstölu til lánar-drotnanna. Í tvennum nýlegum lögum, bæði í 35. gr. samvinnulaganna, nr. 36 frá 1921, og einnig í 44. gr. hlutafjelagslaganna, nr. 77 frá 1921, er gert ráð fyrir, að regla þessi muni verða lögfest, og þykir því sjálfsagt að taka hana upp í ný gjaldþrotalög.

Í endi greinar þessarar er einnig tekið upp það ákvæði, að þeir, sem bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags eða firma, verði gjaldþrota um leið og fje-lagið og firmað verður það. Jafnvel þó að álíta megi, að regla þessi hafi áður verið í gildi, mun þetta þó ekki hafa verið framkvæmt þannig sumstaðar nú undanfarið, þó það hinsvegar virðist eðlilegt og sjálfsagt, að þessari reglu væri fylgt í framkvæmd gjaldþrotaskifta. Með þessu ákvæði ætti það þó að minsta kosti að vera trygt, að þetta verði hjer eftir framkvæmt eins af öllum skiftaráð-endum landsins.

Um 2. gr.

Grein þessi er að mestu leyti að efni til samhljóða 5. gr. gjþrl., en sumstaðar breytt orðalag.

Um 3. gr.

Þessi gr. er og að efni til samhljóða 6. gr. gjþrl., aðeins smávægilegar orðabreytingar.

Um 4. gr.

Samhljóða 7. gr. gjþrl. hvað efni snertir.

Um 5. gr.

Hjer er og að mjög litlu breytt efni 8. gr. gjþrl.

Um 6. gr.

Grein þessi er í samræmi við 9. gr. gjþrl., nema hvað hún er samræmd við nýrri löggjöf, bæði við lög nr. 19, frá 4. júní 1924, 4. gr., og lög um útgáfu lögbirtingablaðs, nr. 32, frá 16. nóv. 1907.

Um 7. gr.

Hjer er um algert nýmæli að ræða, þar sem gera á gangskör að því að rannsaka orsakir allra gjaldþrota. Virðist full þörf á slíku, eftir reynslu undanfarinna ára. Þykir rjettara, að sú rannsókn fari fram að hætti almennra lögreglumála, því þá fæst betra tækifæri til þess að leiða vitni og eiðfesta þau og afla annara þeirra gagna, er upplýsa kunna allar aðstæður og orsakir gjaldþrotanna.

Þó að sumum kunni að virðast það hart aðgöngu fyrir gjaldþrota menn, að þeir sjeu tafarlaust leiddir fyrir lögreglurjett, ber þó ekki síður á það að líta, að nauðsyn er að setja fyllri fyrirmæli, til þess að koma í veg fyrir óreiðu í fjárhagsefnum og sporna við þeirri spillingu, er þykir hafa borið á við gjaldþrot síðari ára. Þess má og geta, að þó þessi ákvæði sjeu nýlunda í vorum lögum, eru þó mjög svipuð ákvæði sett í gjaldþrotalöggjöf Bretlands (Acts of bankruptcy), og hafa þótt koma þar að góðu liði.

Um 8. gr.

Grein þessi hefir einnig nýmæli að geyma, sem eru í beinu framhaldi af 7. gr., um rannsókn á orsökum gjaldþrota og prófun á því, hvort nokkurt refsivert brot standi í sambandi við þau. Sjerstaklega er gert ráð fyrir því, að rannsakað sje, hvort gjaldþroti eða þeir, sem standa í sambandi við gjaldþrotin, hafi gert sig seka um brot á ákvæðum 262., 263. og 265. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869, og önnur þau ákvæði í íslenskum lögum, sem einkum eru sett til verndar almennu lánstrausti, svo sem lögum um bókhaldsskyldu, nr. 53 frá 1911, firmalögum, nr. 42 frá 1903, 8. kafla hlutafjelagslaganna, nr. 77 frá 1921, og 39. gr. samvinnulaganna, nr. 36 frá 1921, og öðrum þeim ákvæðum, er nú gilda eða síðar verða sett í sama skyni.

Ákvæði eru og sett um það í grein þessari, að ef dómara virðist ekki næg ástæða til málshöfðunar, skuli hann samt altaf senda dómsmálaráðuneytinu útskrift af prófum málsins, og ákveður það, hvort frekari rannsókn skuli fram fara og hvort höfða skuli mál á hendur einhverjum, að rannsókn lokinni. Felst í þessu meira aðhald fyrir dómara að láta ekki mál detta niður, ef rannsóknin hefir leitt í ljós eitthvert grunsamlegt framferði í sambandi við gjaldþrotin. Það er og edlilegt, að þetta vald sje fengið dómsmálaráðuneytinu í hendur, þar sem það á að hafa eftirlit með embættisrekstri dómara, og full ástæða til þess, að það eftirlit sje frekar aukið en minkað.

Ef rannsóknin hinsvegar gefur ástæðu til þess að ætla, að gjaldþroti, eða einhver annar í sambandi við gjaldþrotið, hafi gert sig sekan um refsivert afbrot, er það skylda dómara að höfða þegar að rannsókn lokinni mál á hendur þeim, sem grunur fellur á. Ætti þessi aðferð, ef rögg samlega er framfylgt af

dómurum landsins, að sporna við sviksamlegum aðförum í fjárhagsefnum í sambandi við gjaldþrot alment.

Þá hefir og það ákvæði verið sett í greinina, að gjaldþrotar eða stjórnendur gjaldþrota fyrirtækja, sem reynst hafa sannir að sök um sviksamlegt framferði í sambandi við gjaldþrot, skuli, auk refsingarinnar, dæmdir til þess að hafa fyrirgert rjetti til þess að reka verslun eða annað atvinnufyrirtæki um tiltekið árabíl — ekki skemur en 5 ár —, og æfilangt, ef miklar sakir eru.

Reynsla undanfarinna ára virðist benda til þess, að mönnum haldist uppi að gera hvert fyrirtækið á fætur öðru gjaldþrota með óstjórn og stundum sviksamlegum hætti, og er full ástæða til þess að reyna að stemma stigu fyrir því, að slíkir menn hafi lögvarin rjettindi til þess að eyða og sóa fje almennings og lánsstofnana, eftir að það hefir komið í ljós, að þessir menn svífast þess ekki að grípa til ólöglegra aðfara við rekstur fyrirtækja þeirra, er þeir hafa með höndum. — Ákvæði svipuð þessu eru einnig tekin upp, bæði í erlendri og hjerlendri löggjöf, og má þar til nefna úr íslenskri löggjöf ákvæði laga nr. 56 frá 1926, um notkun bifreiða, þar sem bifreiðarstjórar þeir, er gert hafa sig seka um refsiverð brot á fyrirmælum bifreiðalaganna, eru einnig með refsidóminum sviptir rjetti til bifreiðastjórnar.

Öll fyrirmæli þessarar greinar eiga að miða til þess að refsa þeim seku í sambandi við gjaldþrot, en leiða í ljós sakleysi þeirra, er fyrir fjárhagsóhöppum verða. En álösun almennarómsins hvílir nú yfirleitt á þeim, er gjaldþrota verða, og því miður oft ekki að ástæðulausu. Gera má því ráð fyrir, að allir heiðarlegir og samviskusamir menn fái vel við unað ákvæði þessi og tilraun þá, sem í þeim felst til þess að sporna við landlægrri spillingu og fje glæfrum.

Um 9. gr.

Grein þessi kemur í stað 10. og 11. gr. gjþrl. og er að efni til að mestu leyti samhljóða þeim, að öðru leyti en því, er leiðir af ákvæðum 8. gr. hjer á undan.

Um 10. gr.

Að mestu leyti samhljóða 12. gr. gjþrl.

Um 11. gr.

Efni það sama og í 13. gr. gjþrl.

Um 12. gr.

Samhljóða 14. gr. gjþrl. að efni til.

Um 13., 14. og 15. gr.

Greinarnar að mestu eins og 14.—17. gr. gjþrl.

Um 16., 17. og 18. gr.

Efni þeirra er það sama og í 18.—21. gr. gjþrl., en sumstaðar breytt til um orðalög.

Um 19. gr.

Grein þessi er að miklu leyti samhljóða 22. gr. gjþrl., nema hvað riftunarfræsturinn er hjer settur 6 mánuðir, í stað 8 vikna eftir nógildandi lögum. En talsvert hefir þótt bera á því, að gjaldþrota menn eða fjelög hafi komið eignum sínum undan, með því að selja þær eða veðsetja að nafni til hæfilega löngum tíma fyrir gjaldþrotin. En það er tiltölulega ljett að dylja fjárhagsörðugleika sína í 8 vikur, en miklu erfiðara að gera það í 6 mánuði. Ef riftunarfræsturinn er lengdur, má frekar gera sjer vonir um það, að komið verði í veg fyrir slíkt undanskot fjármuna, lánardrotnum til tjóns. Í Noregi hafa komið fram tillögur um það, að lengja riftunarfræstinn upp í eitt ár (úr 8 vikum), en það þykir þó varhugavert að taka svo stórt stökk, enda full ástæða til þess að ætla, að þessi lenging fræstsins geti komið að góðum notum og miklu liði.

Um 20. gr.

Hjer er riftunarfræsturinn einnig lengdur úr 8 vikum upp í 6 mánuði, af sömu ástæðum og í næstu grein á undan. Að öðru leyti er greinin lítið breytt frá 23. gr. gjþrl.

Um 21. gr.

Hjer er það skýrt tekið fram, að gjaldþroti verði að sanna, að hann hafi átt fyrir skuldum, þegar greiðslan og veðsetningin fór fram, ef hann vill koma í veg fyrir riftun.

Um 22. gr.

Grein þessi er aðeins breytt frá 25. gr. gjþrl. til samræmis við 19., 20. og 21. gr. hjer á undan.

Um 23. gr.

Að mestu leyti samhljóða 26. gr. gjþrl.

Um 24. og 25. gr.

Greinar þessar eru að efni til samhljóða 27. og 28. gr. gjþrl.

Um 26. gr.

Hjer er riftunarfræsturinn lengdur úr 1 ári upp í 2 ár, með sama fyrir augum og þar, sem riftunarfræsturinn er lengdur í greinunum hjer á undan. Að öðru leyti er greinin samhljóða 29. gr. gjþrl.

Um 27. gr.

Tvö nýmæli eru tekin upp í þessa grein. Annað er það, að kaupmái skuli ógildur, ef hann er gerður á tveim næstu árunum á undan gjaldþroti, án tillits til þess, hvort gjaldþroti hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum eða ekki. Þetta nýmæli rökstyðst með því, að þegar menn leggja út í áhættusöm fyrirtæki, grípa menn gjarnan til þess að gera kaupmála. Ef svo fyrirtækið gengur illa, verður

það skaði lánardrotnanna, og gefst gjaldþrota þá þannig tækifæri til þess að færa eigur sínar yfir á nafn maka síns, lánardrotnunum til tjóns. Þó að þetta ákvæði kunni í einstökum tilfellum að koma hart niður, ætti það þó oftar að verða einungis til þess að vernda sjálfsagðan rjett lánardrotna. Tillögur, er gengið hafa enn lengra í sömu átt en þetta, hafa komið fram í Noregi, til þess að koma í veg fyrir undanskot þau, sem oft eru fólgin í kaupmálum.

Hitt nýmælið er það, að rifta megi arfsafsali gjaldþrota, sem gert er á árinu næsta áður en hann varð gjaldþrota. Er og þetta í fullu samræmi við aðrar riftunarreglur frumvarps þessa og á góðum rökum reist.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 31. gr. gjþrl. að mestu leyti.

Um 29. gr.

Hjer er um nýmæli að ræða, sem miðar að því, að lánardrotnar þeir, er látið hafa gjaldþrota fá vörur að láni rjett fyrir gjaldþrotin, hafi rjett til þess að krefjast varanna aftur, ef vörurnar finnast óeyddar og frágreindar í vörslum þrotabúsins. Sýnist engin ástæða vera til þess, að slíkar vörur renni inn í þrotabúið; frekar miklu eðlilegra, að slíkir lánardrotnar komi fram sem separtistar í gjaldþrotabúinu.

Um 30. gr.

Hjer er gerð sú breyting á 32. gr. gjþrl., að sækja skal riftunarmál á varnarþingi gjaldþrota. Ætti það ákvæði, sem sýnist næsta sanngjarnt, að flýta fyrir rekstri riftunarmála.

Um 31. gr.

Að mestu samhljóða 33. gr. gjþrl.

Um 32. gr.

Hjer er lagt til, að lögfest verði sú sjálfsagða regla, að fje búa, sem eru undir opinberum skiftum, þar með talin dánarbú, sje haft á vöxtum til hagsmuna fyrir búið, en það hefir þótt við brenna, að skiftaráðendur hafi drjúgum aukið tekjur sínar með því að hirða sjálfir innstæðuvexti af búafje, sem verið hefir í vörslum þeirra, en engin ástæða sýnist til þess, að skiftaráðendum haldist það uppi, búunum til tjóns.

Um 33., 34. og 35. gr.

Greinar þessar eru að efni til samhljóða 34., 35. og 36. gr. gjþrl.

Um 36. gr.

Hjer er lagt til, að tekin verði upp sú regla að skylda skiftaráðendur til þess að lúka skiftum á öllum búum svo fljótt sem verða má, og aldrei síðar en 18 mánuðum eftir birtingu síðustu innköllunar, nema allir lánardrotnar og erfingjar samþykki. Virðist bæði vera full ástæða til þess, að skiftaráðendur hafi eitthvert aðhald, hvað tíma þeim líður, sem búaskifti standa yfir, því dæmi munu alt of mörg til þess hjá sumum skiftaráðendum, að skifti búa standa yfir í mörg

ár, oft að ástæðulausu, og eins sýnist, að frestur þessi til búaskiftanna ætti að vera nægilegur.

Um 37. gr.

Hjer er borið fram það nýmæli, að skiftaráðandi skuli skyldur til þess að anglýsa í Lögbirtingablaðinu, hvenær skiftum sje lokið, hversu háa hundraðstölu lánardrottnar hafi fengið úr búinu, og hversu mikið fje hafi ekki fengist greitt. Er þetta bæði gert til þess að reyna að sporna við því, að menn fari gálauslega með fje annara, og auk þess virðist það eiga að vera öllum almenningi ljóst, hversu töp þau eru mikil, er af gjaldþrotum leiða.

Um 38. gr.

Hjer er sett ákvæði um það, er ekki var áður í gjaldþrotalögnum, að gjaldþroti beri ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, er ekki fæst greiddur af eignum búsins, 10 ár eftir að skiftum lýkur. Ákvæði þetta er sett til þess að koma í veg fyrir það, sem nú virðist algild regla, að gjaldþroti skoði sig lausan allra mála hvað skuldbindingar hans snertir, eftir að hann hefir orðið gjaldþrota.

Um 39. gr.

Hjer eru sett ákvæði um refsingar fyrir brot á fyrirmælum 5. málsgreinar 1. gr. og 32. og 36. gr.

Um 40. gr.

Hjer segir um gildistöku laganna, og virðist greinin ekki þurfa nánari skýringar við.

Um 41. gr.

Hjer er getið þeirra ákvæða, er úr gildi falla, ef lög þessi öðlast gildi.